



## Fundargerð menningarmálanefndar 15. apríl 2019

Fundur menningarmálanefndar Vopnafjarðar 15. apríl í félagsheimilinu Miklagarði, settur 13:04.

Mætt: Jón Ragnar Helgason, Hreiðar Geirsson, Árný Birna Vatnsdal, Hjördís Björk Hjartardóttir og Fanney Björk Friðriksdóttir sem ritar fundargerð.

Einnig mættur umsækjandi um stöðu framkvæmdastjóra Vopnaskaks.

### 1. Umræður og viðræður við umsækjanda um stöðu framkvæmdastjóra Vopnaskaks 2019.

Farið var yfir hugmyndir menningarmálanefndar í sambandi við Vopnaskakið. Farið var yfir hugmyndir og þær bókanir sem þegar hafa átt sér stað fyrir þrjá stærstu viðburði hátíðarinnar. Umsækjandi kynnti sínar hugmyndir og sína sýn á verkefnið og virtist það endurspegla að mörgu leiti hugmyndir menningarmálanefndar. Farið var yfir þá viðburði sem hafa verið undanfarin ár og rætt um hvernig mætti lyfta þeim upp og halda í það góða verk sem hefur verið unnið undanfarin ár. Kynntar voru einnig nýjar hugmyndir og ræddar.

Menningarmálanefnd ákvað að taka sér nokkra daga í að hugsa málið í sambandi við ráðningu. Ef svo færi var Jóni Ragnari falið að ræða við sveitastjóra og staðfesta kaup og kjör framkvæmdastjóra, ásamt því að boða umsækjanda á fund og kynna niðurstöðurnar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið 15:04.